

# Málstefna Núps



## Íslenska er skólamálið

Við tryggjum að íslenska sé notuð í daglegu starfi, í samskiptum við börn og í umhverfi þeirra. Einnig í öllu útgefnu efni og efni sem skólinn sendir frá sér  
-Það styrkir málþroska og tryggir þátttöku og inngildingu allra í skólasamfélaginu



## Vandað mál og efnisval

Við tölum skýrt og vandað mál og veljum gæðabókmenntir og efni til lesturs.  
-Góðar málmyndir efla orðaforða og málskilning.



## Virkt samtal og hlustun

Við tökum þátt í merkingarbærum samtölum við börn og hlustum af athygli.  
-Það styrkir orðaforða og samskiptahæfni.



## Enginn óþarfa bakgrunnshávaði

Við tryggjum rólegt umhverfi þar sem börn heyra og skilja talað mál. Við takmörkum bakgrunnshávaða sem þjónar ekki tilgangi og vöndum val á tónlist svo hún styðji vellíðan og þroska barna.“



## Fögnum fjölbreytileikanum

Við styðjum við menningarlegan bakgrun og viðurkennum móðurmál barna, íslensku sem annað mál og táknmál.  
-Fjöltyngi og táknmál eru auðlindir sem efla samskipti og menningu.



## Samvinna við heimilin

Við upplýsum foreldra og deilum hugmyndum um málörvun heima.  
-Leikskólinn og heimilið eru samstíga, þannig tryggjum við besta mögulega árangur.

